

Auglýsing um náttúruvætti í Skútustaðagígum.

[Umhverfisstofnun] hefur tjáð ráðuneytinu, að eigendur og réttihafar nágrennis Skútustaðagíga hafi lýst því yfir, að þeir séu samþykkir friðlýsingu gíganna og muni engar bótakröfur gera vegna hennar, og hefur [stofnunin] fyrir sitt leyti samþykkt friðlýsinguna.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, og með skírskotun til laga nr. 41/1971, um náttúruvernd, tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Reglur um friðlýsingu þessa eru í meðfylgjandi fylgiskjali.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. desember 1973.

Magnús T. Ólafsson.

---

Knútur Hallsson